

✉ Breyting á deiliskipulagi fyrir Melahverfi II og Hlíðarbæ, Hvalfjarðarsveit

Búið til	13.10.2020 16:18:56
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	13.10.2020 16:18:57
Tilheyrir	📁 202010-0013 - Melahverfi II og Hlíðarbær í Hvalfjarðarsveit

Efni

Breyting á deiliskipulagi fyrir Melahverfi II og Hlíðarbæ, Hvalfjarðarsveit

Upplýsingar

Sent	13.10.2020 16:18:57	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@hvalfjardarsveit.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0013 (RT, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósta frá Hvalfjarðarsveit, dagsettir 8. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingar á deiliskipulagi fyrir Melahverfi II og Hlíðabæ.

Meðfylgjandi eru umsagnir um framagreindar deiliskipulagstillögur.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholti 6-8

210 Garðabæ

Melahverfi II – br. deiliskipulag

Óskað er eftir umsögn vegna breytingar á deiliskipulagstillögu á Melahverfi II í Hvalfjarðarsveit sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september að auglýsa deiliskipulagsbreytingar á Melahverfi II samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felst í meginatriðum að breyta skipulagsmörkum með hliðsjón af skógræktarsvæðinu og draga úr umfangi íbúðarbyggðar þar. Innan breyttra deiliskipulagsmarka Melahverfis II er fyrirkomulagi lóða og skilmálum um íbúðalóðir breytt.

Helstu markmið deiliskipulagsins eru:

- að mæta eftirspurn fyrir nýjar íbúðahúsalóðir í Hvalfjarðarsveit.
- að fella fyrirhugaða byggð að núverandi byggð í Melahverfi og mynda sterka bæjarheild.
- að bjóða upp á fjölbreytni í búsetuformi og skapa búsetuskilyrði fyrir breiðan og ólíkan samfélagshóp.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og einnig

á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is (<http://www.hvalfjardarsveit.is/>).

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3, 301 Akranesi, eða netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is (<mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is>) merkt "Melahverfi II". fyrir 20. nóvember 2020.

Meðfylgjandi gögn er tillaga sem unnin er af Verkfræðistofunni VSÓ Ráðgjöf, uppdráttur dagsettur 11.09 2020 og greinagerð dagsett september 2020.

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,

Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.

301 Akranes.

Sími 433 8500

skipulag@hvalfjardarsveit.is (mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is)

From: "Skipulag" <skipulag@hvalfjardarsveit.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: NI - ósk um umsögn - 2007003
Date: 8.10.2020 14:23:41

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholti

210 Garðabæ

Hlíðarbær- deiliskipulag

Óskað er umsögn á nýju deiliskipulagi í Hlíðarbæ sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september að auglýsa samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Deiliskipulag fyrir Hlíðarbæ var unnið árið 2006 og var þá gert ráð fyrir 29 lóðum fyrir utan þær 9 íbúðahúsalóðir sem nú þegar eru byggðar. Hér er því sett fram nýtt deiliskipulag sem fellir eldra skipulag úr gildi. Í nýju deiliskipulagi er svæðið töluvert minna og ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og einnig á heimasíðu sveitarfélagsins www.hvalfjardarsveit.is (<http://www.hvalfjardarsveit.is>).

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3. 301 Akranesi, eða netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is (mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is) merkt "Hlíðarbær". fyrir 20. nóvember 2020.

Meðfylgjandi eru gögn sem unnin er af Verkfærðistofunni Eflu, uppdráttur ásamt greinagerð dagsett 09.09 2020

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,

Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.

301 Akranes.

Sími 433 8500

skipulag@hvalfjardarsveit.is (<mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is>)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.jpg (2 KB)

Hlíðarbær_Hvalfjörður_umsögn_á_nýju_deiliskipulagi.docx (16 KB)

Melahverfi_II_Hvalfjörður_umsögn_á_breyttu_deiliskipulagi (1).docx (16 KB)

Melahverfi II í Hvalfjarðarsveit

Þann 8. október 2020 óskaði sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breytinga á tillögu deiliskipulags í Melahverfi II í Hvalfjarðarsveit sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september að auglýsa deiliskipulagsbreytingar á Melahverfi II samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin felst í meginatriðum að breyta skipulagsmörkum með hliðsjón af skógræktarsvæði og draga úr umfangi íbúðarbyggðar þar. Innan breyttra deiliskipulagsmarka Melahverfis II er fyrirkomulagi lóða og skilmálum um íbúðalóðir breytt.

Meðfylgjandi gögn er tillaga sem unnin er af Verkfræðistofunni VSÓ Ráðgjöf, uppdráttur dagsettur 11.09 2020 og greinagerð dagsett september 2020. Sjá einnig núgildandi deiliskipulag frá 2009.

<https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/import/skipulag/melahverfi-ii-deiliskipulag.pdf>

<https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/import/skipulag/melahverfi-ii-greinargerð.pdf>

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425458092137500>

Melahverfi - gróðurfar og vistgerðir

Melahverfi I og Melahverfi II þar sem fyrirhugað er ný uppbygging íbúðahúsa er rétt norðan og austan við vegamót Akrafjallsvegur (nr. 51) og Vesturlandsvegur (þjóðvegur 1) í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhugað framkvæmdasvæði (Melahverfi II) er sunnan við veginn Bugðumel sem tengir hverfin við Vesturlandsveg.

Alaskalúpína einkennir fyrirhugað framkvæmdasvæði og melar sem eru að gróa upp. Inn á milli er graslendisblettir, lynggróður og stöku tré sem hafa borist frá skógræktarbelti sunnan við fyrirhugaða byggð. Þar fyrir sunnan taka við framræstar mýrar sem sums staðar teygja sig inn fyrir svæðið sem afmarkast af skógræktarbeltnu. Þetta er að mestu í samræmi við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>), en innan svæðisins hefur alaskalúpína mesta þekju og uppgræddir hálfgrónir melar (kemur fram sem hraungambravist á vistgerðarkorti). Aðrar vistgerðir s.s. língresis – og vingulsvist, stinnustaravist, og starungsmýravist hafa takmarkaða þekju innan svæðisins.

Uppbygging svæðisins – áhrif á gróðurfar og athugasemdir

Eins og kemur fram í greinagerð frá Verkfræðistofunni VSÓ Ráðgjöf verður dregið verulega úr uppbyggingu á svæðinu skv. núgildandi deiliskipulagi frá 2009. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi mun íbúðarlóðum fækka um rúmlega helming sem munu standa við tvær íbúðagötur. Uppbygging er þegar hafin við götuna Háamel austast á svæðinu. Verslunarlóðir við gatnamót Vesturlandsvegur og Bugðumels verða einnig felldar út. Gert er ráð fyrir rotþróum á tveimur stöðum sunnarlega á svæðinu.

Eftir breytingar á tillögu deiliskipulags mun framkvæmdasvæðið fyrst og fremst fara yfir svæði með alaskalúpínu og uppgræddum melum. Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á skógrækt sunnan við svæðið eins og hefði orðið skv. núgildandi deiliskipulagi. Vakinn er þó athygli á því að starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem koma fyrir innan svæðisins hafa mjög hátt og hátt verndargildi að mati

Náttúrufræðistofnunar Íslands auk þess sem starungsmýravist er skilgreind sem forgangsvistgerð og nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þessar vistgerðir, ásamt stinnastaravist, eru jafnframt á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. (<https://www.ni.is/grodur/vistgerdir/land>, <https://www.ni.is/greinar/forgangsvistgerdir>, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>).

Engar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á válista hafa fundist innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi Melahverfis II enda er dregið úr verulega úr fyrirhugaðri uppbyggingu svæðisins miðað við gildandi deiliskipulag. Ólíklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Melahverfis II muni hafa áhrif á mikilvægar vistgerðir en þó ber að fara með gát og draga úr raski vestast á svæðinu t.d. við Lyngmel 13-15 sem og þar sem fyrirhugað er að setja rótþrær syðst á svæðinu sem eru í töluverðir nálægð mýrlendisbletti, þ.e. starungsmýravist.

Rannveig Thoroddsen tók saman

13. október 2020

Hlíðarbær í Hvalfjarðarsveit

Umsögn um nýtt deiliskipulag

Þann 8. október 2020 óskaði sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á nýju deiliskipulagi í Hlíðarbæ sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september að auglýsa samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Deiliskipulag fyrir Hlíðarbæ var unnið árið 2006 og var þá gert ráð fyrir 29 lóðum fyrir utan þær 9 íbúðahúsalóðir sem nú þegar eru byggðar. Hér er því sett fram nýtt deiliskipulag sem fellir eldra skipulag úr gildi. Í nýju deiliskipulagi er svæðið töluvert minna og ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Meðfylgjandi eru gögn sem unnin er af Verkfræðistofnunni Eflu, uppdráttur ásamt greinagerð dagsett 09.09 2020. Sjá einnig nógildandi deiliskipulag frá 2006.

<https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/import/skipulag/hlidarbaer-deiliskipulag.pdf>

<https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/import/skipulag/hlidarbaer-greinagerd.pdf>

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425638364325000>

Hlíðarbær - gróðurfar og vistgerðir

Hlíðarbær er við norðanverðan Hvalfjörð rétt við vegamót Hvalfjarðarveggar (nr. 47) og Dragavegar (nr. 520). Eins og fram kemur í greinagerð Verkfræðistofnunar Eflu eru nú þegar 8 einbýlishús og 1 raðhús í Hlíðarbær. Neðst á svæðinu er félagsheimili og sundlaug, auk tjaldstæðis.

Gróðurfar einkennist af lágvöxnu birkikjarri og víði en inn á milli lynggróður og alaskalúpína, auk túnflata. Innan svæðisins er einnig skógræktarsvæði með birki, greni og furu. Þetta er að mestu í samræmi við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>), en innan svæðisins hafa kjarrskógarvist, skógrækt og alaskalúpína, tún og akurlendi mesta þekju. Votlendi (starungsmýravist) sem sést á vistgerðakorti í kringum húsaröðina á ekki við.

Uppbygging svæðisins – áhrif á gróðurfar og athugasemdir

Í nýrri tillögu að deiliskipulagi Hlíðarbæjar er heimilt að byggja við núverandi hús innan byggingareita en að öðru leyti verður dregið verulega úr uppbyggingu svæðisins.

Samkvæmt greinagerð Eflu voru reistir húsgrunnar þriggja parhúsa og lögð gata að þeim skv. gildandi deiliskipulagi en framkvæmdir stoppuðu og ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu skv. tillögu að nýju deiliskipulagi. Þetta svæði er nú að mestu vaxið alaskalúpínu.

Gert er ráð fyrir leiksvæði austan við hús nr. 11. Þar er allþétt birkikjarr. Kjarrskógarvist er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og er jafnframt skilgreind sem forgangsvistgerð með hátt verndargildi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (<https://www.ni.is/greinar/forgangsvistgerdir>, <https://www.ni.is/greinar/kjarrskogavist>).

Einnig er gert ráð fyrir göngustígum um svæðið sem munu að hluta fara um birkikjarr og skógræktarsvæði. Um náttúrulega birkiskóga og skógrækt gilda annars vegar náttúruverndarlög og lög um skóga og skógrækt (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>, <https://www.althingi.is/altext/stjt/2019.033.html>).

Engar friðlýstar plöntutegundir eða tegundir á valista hafa fundist innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við nýtt deiliskipulag Hlíðabæjar enda er dregið úr verulega úr fyrirhugaðri uppbyggingu svæðisins miðað við gildandi deiliskipulag. Engu að síður leggur stofnunin áherslu á, að við gerð leiksvæðis og göngustíga verði tekið tillit til gróðurs og raski vegna framkvæmda haldið í lágmarki þannig að náttúrulegt birki- og víðikjarr verði áfram hluti af svæðinu.

Rannveig Thoroddsen tók saman